



Háskólinn á Hólum

Ársskýrsla 2016



Efnisyfirlit

Aðfaraorð	2
Stjórn og stoðþjónusta	3
Framkvæmda- og háskólaráð	3
Fjöldi starfsmanna	3
Stoðþjónusta	4
Fjármála- og þjónustusvið	4
Tölvu- og tæknimál	4
Bókasafn	4
Kynningarmál	5
Deildir	6
Ferðamáladeild	6
Nám og kennsla	6
Mannauður og stjórnun	7
Afmælisár deildarinnar	7
Rannsóknir	8
Þjónusta og samstarf	9
Fiskeldis- og fiskalíffræðideild	12
Nám og kennsla	12
Rannsóknir	13
Þjónusta og samstarf	13
Hestafræðideild	15
Nám og kennsla	15
Rannsóknir	16
Önnur verkefni	17
Kennslu- og framhaldsnámssvið	19
Rannsóknasvið	22
Starfsemi	22
Rannsóknavirkni	22
Viðauki I. Birtingar	23
Viðauki II. Reikningar Háskólans á Hólum	30

Aðfaraorð

Háskólinn á Hólum býður upp á nám á fræðasviðum sem eru nátengd landfræðilegri stöðu skólans. Sérhæfing náms við háskólann er á fræðasviðum ferðamála í dreifbýli, viðburðastjórnunar, fiskeldis-, sjávar- og vatnalíffræði og hestafræða, með áherslu á reiðmennsku og reiðkennslu. Fyrirkomulag námsins er ýmist staðbundið þar sem nemendur búa heima á Hólum, eða í næsta nágrenni skólans, eða blandað nám (fjarnám með staðbundnum lotum), óháð búsetu.

Háskólinn fagnaði 20 ára afmæli Ferðamáladeildar á árinu og þann 3. október var haldin ráðstefna um ferðamál af því tilefni. Ráðstefnan fór fram á Grand Hótel í Reykjavík, var þátttaka góð og umræðan sem þar skapaðist þarft innlegg í samtal atvinnugreinar og fræða. Jafnframt var góður rómur gerður að hátíðarhöldum á brautskráningu að hausti, þá boðið var til veislu fyrir starfsfólk háskólans og aðra gesti. Ráðherra mennta- og menningarmála, Illugi Gunnarsson, heiðraði skólann með nærveru sinni á brautskráningardaginn og ávarpaði ávarpaði gesti á fögrum haustdegi.

Fjölmargir einstaklingar sóttu háskólann heim til styttri eða lengri dvalar, tengt samstarfsverkefnum við fræðimenn háskólans eða til þess að stunda eigin rannsóknir í umgjörð háskólans. Má þar meðal annars nefna hóp líffræðinema frá Háskóla Íslands sem dvaldi á Hólum í viku við nám í grasa- og vatnalíffræði í náttúru Skagafjarðar. Einnig héldu nemendur frá háskólum á meginlandi Evrópu áfram að streyma til verknámsdvalar í Fiskeldis- og fiskalíffræðideild og auðga þar með samfélag háskólans. Enn fleiri sóttu Hóla þó heim í ár í tilefni þess að Landsmót hestamanna var haldið heima að Hólum. Vel fór um menn og hesta landsmótsvikuna og viðburðurinn í alla staði hinn ánægjulegasti. Margir starfsmanna háskólans komu að undirbúningi og framkvæmd mótsins og enn aðrir nýttu sér viðburðinn til tengslamyndunar og rannsóknastarfa.

Á Hólum tökum við fagnandi á móti þeim sem sækja staðinn heim. www.holar.is

Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor

Stjórn og stoðþjónusta

Framkvæmda- og háskólaráð

Stjórn Háskólans á Hólum er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag háskólans. Rektor Háskólans á Hólum er Erla Björk Örnólfsdóttir. Rektor er formaður háskólaráðs. Í ársbyrjun var háskólinn án starfandi háskólaráðs, en bragarbót var gerð á því í apríl 2016. Fulltrúar þess eru, auk rektors, Katrín Sigurðardóttir (Óttar Guðjónsson varamaður), tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðherra, Sveinn Ragnarsson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (Mette Camilla Moe Mannseth og Laufey Haraldsdóttir, varamenn) fulltrúar starfsmanna Háskólans á Hólum, Jónína Lilja Pálmadóttir (Fríða Hansen, varamaður) fulltrúi stúdenta. Jón Eðvald Friðriksson og Sævar Skaptason (Sigurbjörn Bárðarson, varamaður) voru valdir til setu af fyrrgreindu fimm manna háskólaráði samanber lög um opinbera háskóla.

Framkvæmdaráð háskólans sinnir daglegum rekstri og samræmir starf sviða og deilda. Í því sátu Erla Björk Örnólfsdóttir rektor, Bjarni Kristófer Kristjánsson deildarstjóri, Guðmundur Björn Eyþórsson skrifstofu og fjármálastjóri, Laufey Haraldsdóttir deildarstjóri og Sveinn Ragnarsson deildarstjóri.

Fjöldi starfsmanna

Árið 2016 unnu 61 starfsmaður við Háskólann á Hólum, í 41,5 stöðugildum. Þessi mikli munur milli fjölda starfsmanna við skólann og stöðugilda skýrist með fjölgun starfsmanna við skólann yfir sumarið og að hluta af starfsmannaveltu. Yfir sumarið kom fólk til starfa við ýmsar rannsóknir innan deildanna, við staðarhald og á skólabúinu. Fastir starfsmenn við skólann voru aftur á móti 50 í 40,3 stöðugildum.

Á árinu hófu störf við skólann: Jessica Faustini Aquino, Linda Rún Pétursdóttir, Anett Reilent, Stefán Ásgrímur Sverrisson, Áskell Heiðar Ásgeirsson, Anna Vilborg Einarsdóttir og Amy Savener. Á árinu létu af störfum: Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Emilía Örlygsdóttir, Bergur Már Sigurðsson, Bergur Gunnarsson, Linda Rún Pétursdóttir og Sólberg Logi Sigurbergsson. Eru þeim þökkúð vel unnin störf í þágu skólans.

Stoðþjónusta

Fjármála- og þjónustusvið

Hlutverk fjármálasviðs er að annast fjárreiður skólans í umboði rektors. Skrifstofu- og fjármálastjóri er yfirmaður fjármálasviðs, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar sem er unnin í samvinnu við framkvæmdaráð skólans. Á fjármálasviði er bókhald skólans unnið og eftirlit haft með því að rekstur sé í samræmi við gildandi heimildir.

Skrifstofu- og fjármálastjóri er yfirmaður þjónustusviðs. Þjónustusvið hefur yfirumsjón með mannauðsmálum og annarri þjónustu við starfsmenn, nemendur og gesti skólans ásamt fjölmörgum öðrum verkefnum. Undir þjónustusviðið heyrir tölvuþjónusta, staðarhald, þjónustuborð og bókasafn. Starfsmenn sviðsins voru tíu á árinu, í 9,2 stöðugildum.

Tölvu- og tæknimál

Samstarf Háskólans á Hólum við aðra háskóla í tölvu- og tæknimálum hefur verið farsælt og um árabíl hefur skólinn verið hluti af RHneti (www.rhnet.is). Skólinn hefur notið góðs af samstarfi opinberu háskólanna, en í því felst meðal annars sameiginlegur rekstur á innri vef (ugla.holar.is) og nemendabókhaldskerfi sem og kennslukerfinu Moodle. Bæði kerfin voru sett upp í samstarfi við Reiknistofnun Háskóla Íslands og eru hýst þar. Einnig hafa starfsmenn og nemendur nýtt sér Skemmuna (www.skemman.is), en það er sameiginlegur vefur er hýsir lokaritgerðir allra nemenda við háskóla landsins auk fræðilegra greina starfsmanna. Eins og mörg undanfarin ár hefur skólin notað póst- og vefþjónustur hjá Google með góðum árangri. Notkun fjarfundabúnaðar (Polycom HDX-7000) til þátttöku á fundum sem og til kennslu var almenn á árinu.

Bókasafn

Á árinu var samstarfi við Bókasafn Háskólans á Akureyri (HA) um skráningu og þjónustu við lánþega haldið áfram. Þetta samstarf hófst 2010. Starfsmenn safnsins eru með viðveru á Hólum aðra hverja viku og eftir þörfum tengt staðbundnum lotum. Einnig veitir starfsfólk nemendum og kennurum þjónustu með námskeiðum á Hólum, í gegnum tölvupóst og síma.

Kynningarmál

Kynningarmál skólans voru einkum þátttaka í Háskóladeginum, sem fram fór í Reykjavík og sjö bæjarfélögum vítt og breitt um landið. Einnig var háskólinn kynntur á Degi menntunar í ferðapjónustu, auk móttöku hópa og einstaklinga á Hólum. Eins og áður þá taka nemendur Háskólans á Hólum virkan þátt í kynningarstarfi skólans. Jafnframt er öflugt kynningarstarf á héraðsblöðum, á netmiðlum, heimasíðu skólans og Facebook.



Kynning á námi við Háskólann á Hólum.

Deildir

Háskólinn á Hólum býður nám í þremur deildum: Ferðamáladeild, Fiskeldis- og fiskalíffræðideild og Hestafræðideild.

Ferðamáladeild

Nám og kennsla

Á árinu var boðið upp á fjórar námsleiðir við deildina: Diplóma í ferðamálafræði, diplóma í viðburðastjórnun, BA í ferðamálafræði og MA í ferðamálafræði.

Útskrifaðir voru 54 nemendur við tvær athafnir, í júní og október. Í júní útskrifuðust 48 nemendur frá deildinni: 22 með diplómu í viðburðastjórnun, 24 með BA gráðu í ferðamálafræði og tveir með MA-gráðu í ferðamálafræði. Í október útskrifuðust sex nemendur frá deildinni: Tveir með diplómu í ferðamálafræði, og fjórir með diplómu í viðburðastjórnun.

Haustið 2016 var 61 nýnemi innritaður við deildina. Þar af voru 32 nýnemar í ferðamálafræði á grunnnámsstigi (FDP og FBA), 28 í diplómunámi í viðburðastjórnun og einn í MA námi í ferðamálafræði. Auk þess kom til námsdvalar einn erlendur skiptinemi á haustönn 2016. Af þessum 61 nýnema við deildina hafa 19 hætt námi. Þreyttar einingar við deildina á árinu voru alls 5094, þar af 80 einingar í gestanámi frá öðrum opinberum háskólum.



Nemendur Ferðamáladeildar nýbúnir að kynna BA verkefni sín í maí 2016.

Mannauður og stjórnun

Fastráðið starfsfólk við deildina var einn prófessor í 50% starfi fyrri hluta árs (jan.-júlí) og 20% starfi seinni hluta árs (ág.-des.), tveir lektorar í 100% starfi og einn lektor í 84% starfi. Ráðnir voru tveir akademískir starfsmenn við deildina á árinu í stað starfsmanna sem hættu störfum, annar í febrúar og hinn í ágúst. Jafnframt voru tveir starfsmenn ráðnir til kennslu með tímabundinn samning til eins og tveggja ára. Að auki voru sjö sérfræðingar ráðnir til stundakennslu við deildina í einstökum námskeiðum. Fimm starfsmenn annarra deilda háskólans komu að kennslu við Ferðamáladeild á árinu.

Laufey Haraldsdóttir lektor var deildarstjóri 2016. Fulltrúi deildar í framhaldsnámsnefnd var Guðrún Helgadóttir prófessor fyrri hluta árs og Anna Vilborg Einarsdóttir kennari seinni hluta árs. Fulltrúi deildar í kennslunefnd var Ingibjörg Sigurðardóttir lektor. Fulltrúi deildar í rannsóknarnefnd var Guðrún Þóra Gunnarsdóttir lektor fyrri hluta árs og Amy Sävenér lektor seinni hluta árs. Fulltrúar deildar í námsnefnd voru Kjartan Bollason lektor og Laufey Haraldsdóttir lektor. Fulltrúar nemenda í deildinni voru, Helga Sigríður Þórarinsdóttir (fulltrúi á deildarfundum) og Hjördís Garðarsdóttir (fulltrúi í námsnefnd). Laufey Haraldsdóttir sinnti formennsku í jafnréttisnefnd háskólans. Tveir starfsmenn deildarinnar, þær Laufey Haraldsdóttir og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, sátu í stjórn Ferðaþjónustunnar á Hólum og er deildarstjóri jafnframt formaður stjórnar.

Deildarfundir voru tíu á árinu eða mánaðarlega fyrir utan júlí og ágúst. Kennarafundir voru tveir, í apríl og nóvember. Um er að ræða vinnufundi kennara. Á apríl fundinum var m.a. farið yfir allar námsleiðir deildarinnar og þær endurskoðaðar m.t.t. stefnu og lærdómsviðmiða, sem og stefnu háskólans. Á nóvember fundinum var unnið að nýrri námsleið við deildina á sviði stjórnunar ferðaþjónustu og móttöku gesta.

Afmælisár deildarinnar

Ferðamáladeildin átti 20. ára afmæli á árinu og var þess minnst með afmælisráðstefnu á Grand Hótel í Reykjavík þann 3. október og afmælisveislu á Hólum í tengslum við brautskráningu þann 14. október, þar sem borin var fram veisla að hætti Hólamanna.

Yfirskrift ráðstefnunnar 3. október var *Menntun framtíðarleiðtoga í ferðaþjónustu. Ráðstefna á vegum Ferðamáladeildar Háskólans á Hólum í tilefni af 20 ára afmæli deildarinnar*. Auk þess að vekja athygli á deildinni og þessum tímamótum, var ráðstefnunni

ætlað að vera innlegg í þá umræðu sem átt hafði sér stað í samfélaginu um menntun í ferðaþjónustu á Íslandi. Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar sá um fundarstjórn. Auk rektors háskólans, Erlu Bjarkar Örnólfsdóttur, ávörpuðu Ragnheiður Elín Árnadóttir ráðherra ferðamála, Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri og Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra samkomuna. Framsögur áttu Laufey Haraldsdóttir deildarstjóri, Þórir Erlingsson kennari við Michel A. Leven School of Culinary Sustainability and Hospitality við Kennesaw State University í Bandaríkjunum, Reidar J. Mykletun prófessor við ferðamáladeild háskólans í Stavanger í Noregi, Jónas Guðmundsson ferðamálafræðingur hjá Landsbjörg og brautskráður nemandi frá deildinni, Erna Dís Ingólfssdóttir starfspróunar- og gæðastjóri hjá Íslandshótelum, Ágúst Elvar Bjarnason sölustjóri hjá Arctic Adventures og Ingibjörg Ólafsdóttir hótellstjóri hjá Radisson Blue Hótel Saga. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Rannsóknamiðstöðvar ferðamála stjórnaði pallborðsumræðum í lokin með yfirskriftinni *Háskólamenntun í ferðaþjónustu á Íslandi – hvert viljum við stefna?* Í þeirri umræðu tóku þátt Gunnar Þór Jóhannesson frá Land- og ferðamáladeild Háskóla Íslands, Ingibjörg Sigurðardóttir frá Ferðamáladeild Háskólans á Hólum, Óskar Jósefsson frá Stjórnstöð ferðamála, María Guðmundsdóttir frá Samtökum ferðaþjónustunnar og Baldur Sæmundsson frá Grunndeild matvæla- og ferðagreina í Menntaskólanum í Kópavogi. Um 90 manns sátu ráðstefnuna sem þótti takast afar vel. Í máli þátttakenda kom skýrt fram þörf ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar fyrir menntað og vel þjálfað starfsfólk og stjórnendur. Áhersla var lögð á að samhliða hinum gríðarlega vexti greinarinnar yrði að efla færni og þekkingu starfsmanna til að mögulegt væri að tryggja gæði og fagmennsku í þjónustu við gesti. Var í því sambandi litið til eflingar náms í ferðatengdum greinum á öllum skólastigum og aukins samstarfs milli þeirra sem koma að menntun í ferðaþjónustu.

Rannsóknir

Rannsóknaverkefni voru einkum á eftirfarandi sviðum: Félagsleg áhrif ferðaþjónustu, hestatengd ferðaþjónusta, starf leiðsögumanna, áhrif virkjanaáætlana á ferðaþjónustu, siðferði og ábyrgð í ferðaþjónustu og náttúrutengd ferðaþjónusta.

Á árinu birtu starfsmenn deildarinnar fjórar ritrýndar greinar í tímaritum og stóðu fyrir útgáfu fjögurra rannsóknarskýrsla. Auk þess stóð starfsmaður deildarinnar fyrir útgáfu bókar

í samvinnu við Samtök ferðapjónustunnar. Starfsfólk flutti átta fyrirlestra á alþjóðlegum ráðstefnum og átta fyrirlestra á innlendum ráðstefnum og fundum.

Deildin átti gott samstarf við Landssamband hestamannafélaga og Landsmót ehf. um heildstæða rannsókn á Landsmóti hestamanna sem viðburði. Landsmót hestamanna er einhver viðamesti viðburður sem haldinn er reglulega á Íslandi en mótið fór að þessu sinni fram á Hólum. Um tíu manna alþjóðlegt teymi rannsakenda vann að rannsókninni. Verkefnisstjóri var Ingibjörg Sigurðardóttir lektor. Unnið var að gagnaöflun fyrir mót, meðan á mótinu stóð og eftir að mótinu lauk. Samstarfsaðilar deildarinnar í þessu verkefni voru frá Háskóla Íslands auk fræðimanna frá Noregi, Svíþjóð og Bretlandi. Einn meistaranemi deildarinnar tók þátt í rannsókninni ásamt tveimur einstaklingum sem höfðu nýlokið BA gráðu í ferðamálafræði frá deildinni.



Íbyggir ráðstefnugestir á afmælisráðstefnu á Grand Hótel í Reykjavík.

Þjónusta og samstarf

Starfsfólk Ferðamáladeildar veitir ýmiss konar þjónustu, til atvinnugreinarinnar, vísindasamfélagsins og stjórnsýslunnar.

Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) er samstarfsverkefni þriggja háskóla: Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Háskólans á Hólum. Ferðamáladeildin tekur virkan þátt í því samstarfi, þar sem deildarstjóri á sæti í stjórn. Haldnir voru fimm stjórnarfundir á árinu,

auk þess sem RMF stóð fyrir fimm málstofum og ráðstefnum sem stjórnarmenn komu beint og óbeint að.

Ferðamáladeild átti líkt og áður í formlegu samstarfi við Selasetur Íslands með sameiginlegum starfsmanni stofnananna, sem stundaði kennslu og rannsóknir. Nýr lektor, Jessica Faustini Aquino, hóf störf í febrúar og fluttist hún á Hvammstanga með fjölskyldu sinni frá Bandaríkjunum.

Starfsfólk Ferðamáladeildar tók þátt í ýmsum samvinnuverkefnum: Ferðamáladeild átti fulltrúa í stjórn Fornverkaskólans sem er samstarfsverkefni Byggðasafns Skagfirðinga, Tréiðnaðardeildar Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Ferðamáladeildar. Ferðamáladeild átti fulltrúa í stjórn Matarkistunnar Skagafjarðar sem hýst er hjá Sveitarfélaginu Skagafirði og jafnframt sat starfsmaður deildarinnar í stjórn Menningarráðs Norðurlands vestra. Þá sat starfsmaður deildarinnar í dómnefnd RMF um verðlaun fyrir framúrskarandi lokaverkefni.

Ferðamáladeildin lagði áherslu á tengsl og samvinnu við stofnanir ferðaþjónustunnar, atvinnugreinina og samfélagið í heild, líkt og undangengin ár. Þessi tengsl voru meðal annars í gegnum kennslu í formi vettvangsferða nemenda og nemendaverkefni ýmiss konar þar sem nemendur unnu verkefni um og fyrir fyrirtæki og stofnanir í greininni. Þá var samvinna við Nýsköpunarmiðstöð um kennslu, vinnusmiðjur og nýsköpunarverkefni ýmiss konar. Samstarf var við Félag ferðaþjónustunnar í Skagafirði og komu fulltrúar þess í heimsókn að Hólum í mars, m.a. til að kynna sér starfsemi Ferðamáladeildar. Ferðamáladeild nýtir sér samstarfsvettvang opinberu háskólanna til að auka fjölbreytni og gæði í kennslu með gestafyrirlesurum og miðlaði þannig sérfræðiþekkingu markvisst til nemenda.

Í fagráði deildarinnar sátu fulltrúar frá Ferðamálastofu, Samtökum ferðaþjónustunnar, Ferðamálasamtökum Íslands og Ferðaþjónusta bænda, ásamt deildarstjóra. Fagráðið var til ráðgjafar um framboð námsleiða, kennslu og rannsóknir, frá sjónarhóli atvinnugreinarinnar og stofnana hennar.

Allmargir erlendir gestir sóttu Ferðamáladeildina á Hólum heim á árinu. Má þar nefna hjónin Dr. Keith Dewar og Wanmei Li sem komu frá viðskiptafræðideild háskólans í New Brunswick í St John's í Kanada. Dvöldu þau hjón hér í rannsóknarleyfi Keiths. Agnieszka Bołdak og Agata Stefanowska frá ferðaþjónustu- og útivistardeild AWF háskólans í Varsjá, heimsóttu deildina í maí og í september heimsótti deildina Mats Urde, dósent við háskólann í Lundi í Svíþjóð, og ráðgjafi í vörumerkjastjórnun (e. *branding strategy*).

Nokkuð var um að kennarar Ferðamáladeildar færu utan með það að markmiði að stofna til eða styrkja alþjóðlegt samstarf deildarinnar. Má þar nefna ferð til *Multidimensional Tourism Institute* í Roveniemi í Finnlandi, þar sem tveir fulltrúar deildarinnar funduðu ásamt fleiri íslenskum aðilum með fulltrúum frá háskólanum í Lapplandi og fagháskólanum í Lapplandi.



Við upphaf rannsóknar á Landsmóti.

Fiskeldis- og fiskalíffræðideild

Nám og kennsla

Á árinu 2016 stunduðu 58 manns nám við deildina. Á árinu útskrifuðust tíu einstaklingar frá deildinni, átta úr diplómanámi í fiskeldisfræði og tveir með MS gráðu í sjávar- og vatnalíffræði. Auk þessa varði Coralie Delarue meistaraverkefni sitt um miðjan desember og mun formlega útskrifast í júní 2017.

Á árinu innrituðust sjö einstaklingar í diplómanám í fiskeldi, sem er nálægt meðalfjölda nemenda, sem hefur verið u.þ.b. sex á ári frá upphafi, árið 1986. Tveir innrituðust í meistaránám í sjávar- og vatnalíffræði og voru á árinu sex nemendur skráðir í það nám. Til viðbótar við meistaránámið unnu 13 nemendur að doktorsverkefnum undir leiðsögn sérfræðinga deildarinnar. Allir eru doktorsnemarnir skráðir við aðra háskóla. Nicolas Larranaga, sem vann undir leiðsögn Stefáns Óla Steingrímssonar, varði doktorsverkefni sitt í nóvember. Eins og áður hefur deildin tekið við fjölda erlendra skipti- og verknuma og voru þeir alls 11 á árinu.



Mánudagsfundur Fiskeldisdeildar í júní 2016. Alþjóðlegur hópur framhaldsnema.


Fiskeldis- og fiskalíffræðideild hefur um langt árabil átt gott samstarf við Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Á árinu var boðið upp á átta vikna námskeið fyrir nemendur þess skóla og sátu fimm nemendur það. Auk þess fór Helgi Thorarensen í vettvangsferð til Kamerún til að undirbúa námskeiðahald. Jafnframt koma starfsmenn

deildarinnar að kennslu við aðrar deildir háskólans sem og við aðra opinbera háskóla. Hlutfall erlendra nemenda var hátt, um 63% og komu nemendurnir frá 13 þjóðlöndum.

Rannsóknir

Enn sem fyrr var unnið öflugt rannsóknarstarf við deildina. Rannsóknir voru stundaðar í fjölmörgum verkefnum er tengdust sérsviðum hennar. Deildin er enn augljós valkostur til samstarfs á sviði fiskeldis- og vatnalíffræði og komu margir innlendir og erlendir fræðimenn að rannsóknarverkefnum við hana. Deildin hefur markvisst unnið að uppbyggingu rannsóknaraðstöðu sinnar í Verinu.

Afrakstur rannsókna deildarinnar hefur verið kynntur í ræðu og riti. Á árinu voru birtar átta greinar í ISI tímaritum, auk einnar annarrar greinar. Jafnframt héldu starfsfólk og nemendur 34 fyrirlestra á alþjóðlegum og innlendum ráðstefnum í boði háskóladeilda, auk þess að kynna fjögur veggspjöld. Nokkrar breytingar hafa verið á birtingum/kynningarstarfi á síðustu árum og hefur fyrirlestrum fjölgað en heldur dregið úr birtingu á ritrýndum greinum (mynd 1).



Mynd 1. Fjöldi fyrirlestra og vísindagreina starfsmanna Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar.

Þjónusta og samstarf

Háskólinn á Hólum annast bleikjukynbætur samkvæmt samningi við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Samningurinn kveður m.a. á um að Háskólinn á Hólum skuli sjá

bleikjuframleiðendum á Íslandi fyrir hrognum úr kynbættum stofni og að ekki sé heimilt að selja hrogn af stofninum úr landi. Kynbæturnar eru fjármagnaðar að hluta til með framlagi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sem og með hrognasölu.

Starfsmenn Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar sitja í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera, sem lúta að faglegum málefnum. Bjarni K. Kristjánsson var fram á vordaga formaður nefndar um innflutning framandi lífvera. Stefán Óli Steingrímsson situr í nefnd um erfðabreyttar lífverur. Helgi Thorarensen sat í stjórn Veiðimálastofnunar, en Stefán Óli var þar varamaður, þar til stjórnin var lögð niður. Skúli Skúlason var formaður faghóps eitt í þriðju rammaáætlun um virkjanakosti. Bjarni K. Kristjánsson var í ritnefnd Environmental Biology of Fishes.



Niðursokknar.

Hestafræðideild

Nám og kennsla

Alls stunduðu 54 nemendur nám við Hestafræðideildina á árinu og brautskráðust 13 með BS próf í reiðmennsku og reiðkennslu, tveir með diplómur sem leiðbeinendur og einn með BS próf í hestafræðum sem er sameiginlegt nám með Landbúnaðarháskóla Íslands.

Skólinn tók inn 18 nemendur í reiðmennsku og reiðkennslu og var umframeftirspurn nokkur. Undirbúningur á þróun MS náms var hafinn á árinu til þess að mæta þörf á framhaldsmenntun brautskráðra einstaklinga með BS gráðu.

Nemendur og kennarar tóku þátt í ýmsum viðburðum innan og utan skólans, s.s. hestamótum, kennslusýningum og æfingakennslu í reiðmennsku í samvinnu við grunn- og framhaldsskóla héraðsins.

Einn reiðkennari hóf störf og hætti störfum, Linda Rún Pétursdóttir. Einnig hættu tveir starfsmenn á skólabúi, Sólberg Logi Sigurðsson og Bergur Gunnarsson. Í stað Bergs var ráðinn Stefán Ásgrímur Sverrisson. Deildin byggir starf sitt að töluverðu leyti á stundakennurum og fylgir því nokkurt óöryggi sem áhrif hefur á skipulag, þróun náms og rannsóknir.



Reiðsýning í maí 2016.

Skólinn á um 100 hross og er tæpur helmingur þeirra tamdir kennsluhestar. Umfang hrossaræktarinnar hefur verið svipað um árabil en átta folöld fæddust á árinu. Tvö hross voru auglýst til sölu og seldist annað þeirra, Klakkur frá Hólum. Þrjár hryssur voru sýndar í kynbótadómi og var meðaleinkunn þeirra 8,20 sem lýsir miklum kostum þeirra. Þær eru nú skólahestar. Húshross í umsjón skólans voru 150-200, eftir viðfangsefnum og árstíma, en útigangur taldi 70-80 hross. Auk þess voru jafnan 20-30 hross í starfsmannahesthúsinu á Skeiðmel. Nemendur sóttu mikið um að koma að hrossum í hesthúsum skólans og ekki er hægt að sinna þeirri eftirspurn nema að hluta.

Rannsóknir

Helstu rannsóknir á árinu voru á sviði þjálfunarlífeðlisfræði og hreyfingafræði. Starfsmenn deildarinnar greindu frá niðurstöðum rannsókna í ræðu og riti. Ein vísindagrein var birt í erlendu ritrýndu tímariti, ráðstefnugrein og nokkur veggspjöld. Fyrirlestrar voru einnig haldnir á innlendum ráðstefnum. Einnig unnu tveir meistaranemar frá sænska landbúnaðarháskólanum að verkefnum sínum við skólann sem og tveir nemar frá Universite de Rennes, í samvinnu við starfsmenn deildarinnar og utanaðkomandi leiðbeinendur. Fjölmörg smærri nemendaverkefni settu jafnframt svip á skólastarfið á haustönn.



Flaggað.

Önnur verkefni

Reiðkennarar skólans tóku þátt í ýmsum reiðsýningum og mótum á árinu, s.s. Íslandsmóti, Meistaradeild Norðurlands, KS-mótaröðinni og kennslusýningum. Starfsfólk Hestafræðideildar tekur virkan þátt í stefnumótun og þróun starfsgreinarinnar með setu í fagraði í hrossarækt, faghópum FT og í stjórn markaðsverkefnisins „Horses of Iceland“.

Landsmót hestamanna var haldið á kennslusvæði Hestafræðideildar sem hefur stórbatnað með uppbyggingu sem hófst 2015 og nýtist skólanum vel við útikennslu og þjálfun. Einnig voru skólanum gefin tvö dómarahús, 30 fermetrar hvort, sem nýtast sem kennslustofur og vinnuaðstaða fyrir nemendur og kennara við útikennslu á reiðvöllum. Gefandi að húsunum var LímtréVírnet en auk þess komu fjölmargir aðrir að og gáfu bæði efni og vinnu s.s. Steypustöð Skagafjarðar, Víðimelsbræður ehf, Sel ehf og Kaupfélag Skagfirðinga. Þessum aðilum er þökkuð rausnarleg gjöf.

Ný og betri aðstaða opnaði á möguleika á fjölbreyttari starfsemi og reyndust t.d. vellir og dómarahús vel þar sem kynbótasýning var haldin á Hólum í fyrsta skipti í nokkra áratugi. Var gerður góður rómur að því og líklegt að framhald verði á. Einnig hafa tengsl skólans við fólk í héraði aukist þar sem hestamannafélagið Skagfirðingur hefur komið með hluta af sínum félagsmótum heim til Hóla.

Landsmót hestamanna tókst vel og voru rúmlega 7000 gestir á svæðinu þegar mest var. Þá viku sem landsmótið stóð voru beinar útsendingar í sjónvarpi og á netmiðlum og fékk skólinn mikla athygli. Ljóst er að útikennslusvæði Hestafræðideildar skólans er nú orðið eitt af bestu mótssvæðum landsins.

Skólinn hefur umsjón með Knapamerkjunum, en í henni felst ýmiss konar umsýsla og þjónusta við reiðkennara og nemendur, s.s. sala kennslubóka og skráning prófniðurstaðna. Heldur færri þreyttu Knapamerkjapróf en árið 2015 en alls voru skráð 303 próf í gagnagrunn Knapamerkjakerfisins á árinu. Allnokkrir styrkir fengust til vinnu við knapamerkin á árinu og var lokið við þýðingu fyrstu þriggja stiga Knapamerkjabókanna á ensku og verða þær prentaðar og boðnar til sölu 2017. Auk þessa fékkst styrkur til að ljúka endurskoðun og þýðingu á Knapamerkjabókum fjögur og fimm og er stefnt að þýðingu þeirra á ensku á árinu 2018.

Deildarstjóri sat í stjórn Söguseturs íslenska hestsins en helstu verkefni þess á árinu voru:
a) móttaka gesta yfir sumarmánuðina, og b) undirbúningur fyrir fræðslu og sýningar tengdar menningu hestamanna.



Aðstaða Háskólans á Hólum til reiðkennslu.

Kennslu- og framhaldsnámssvið

Hlutverk kennslusviðs er að halda nemendaskrá, kennsluskrá og miðlun náms- og kennslutengdra upplýsinga til nemenda og kennara. Sviðsstjóri kennslusviðs er jafnframt sviðsstjóri framhaldsnámssviðs. Starfsmönnum sviðanna til fulltingis eru sérstakar nefndir, hvor á sínu sviði, kennslunefnd og framhaldsnámsnefnd, og bera þær meðal annars ábyrgð á gæðastjórnun námsins. Um svið þessi og nefndir er fjallað í greinum 8. og 9 í starfsreglum Háskólans á Hólum.

Á árinu störfuðu þrír starfsmenn í 1,3 stöðugildum á kennslu- og framhaldsnámssviði. Auk sviðsstjóra í fullu starfi er námsráðgjafi í 20% stöðu (starfar einnig hjá LbhÍ og HÍ) og alþjóðafulltrúi í 10% stöðu (sami einstaklingur sinnir stöðu alþjóðafulltrúa hjá LbhÍ).

Við Háskólann á Hólum er boðið upp á sjö námsleiðir í grunnnámi. Allt nám í Hestafræðideild er staðnám, en allar grunnnámsleiðir í öðrum deildum eru í boði sem staðnám eða blandað nám, þ.e. fjarnám með staðbundnum lotum. Ekki bárust nægilega margar umsóknir um staðnám í Ferðamáladeild eða í fiskeldisfræði til að um það yrði að ræða veturinn 2016 -2017.

Vorið 2016 bárust alls 188 umsóknir um grunnnám, þar af 123 í Ferðamáladeild, 51 í Hestafræðideild og 14 í Fiskeldis- og fiskalíffræðideild. Brautskráningar úr grunnnámi voru 75. Engir nemar voru í skiptinámi erlendis á árinu en einn erlendur skiptinemi var við nám hér á haustönn. Auk þess var nokkuð um gestanám milli opinberu háskólanna. Yfirlit um brautskráningar og innritaða nemendur er að finna í töflu 1.

Tafla 1. Nemendafjöldi í grunnnámi. Fjöldi innritaðra í töflunni miðast við 15. október ár hvert og nær yfir þá sem eru innritaðir til náms á háskólaárinu 2016 – 2017. Tölur um brautskráningar miðast við allt árið.

Námsleið	Alls innritaðir	Þar af nýnemar	Brautskráðir á árinu
Diplóma í viðburðastjórnun	39	29	26
Diplóma í ferðamálafræði	5	7	2
BA í ferðamálafræði	76	25	24
Diplóma í fiskeldisfræði	9	6	8
Diplóma - leiðbeinendapróf	0		2
Diplóma í tamningum	0		0
BS í reiðmennsku og reiðkennslu	57	18	13
Alls	186	85	75

Alls lögðu 10 einstaklingar stund á meistaranám við Háskólann á Hólum á almanaksárinu 2016. Tveir brautskráðust með MS í sjávar- og vatnalíffræði í júní, og einn til lauk meistaraþrófsvörn í desember, og mun útskrifast í júní 2017. Tveir voru brautskráðir með MA í ferðamálafræði, í júní. Í árslok eru sex nemendur innritaðir í meistaranám við skólann.

Auk þess er nokkrum doktorsnemum leiðbeint af sérfræðingum Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar, og einn slíkur varði doktorsritgerð sína við HÍ undir árslok. Deildin tók enn fremur á mót 13 erlendum rannsóknaverknum á árinu, og fimm nemendur Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna nutu leiðsagnar starfsmanna deildarinnar, frá því um veturnætur.



Brautskráning að vori.

Reglulegir fundir kennslunefndar eru boðaðir einu sinni í mánuði frá ágúst og fram í maí. Það hefur þó farið í vöxt að mál séu afgreidd með tölvupósti eða aukafundum, einkum með það að markmiði að flýta afgreiðslu mála. Það hefur i för með sér að formlegum fundum hefur fækkað, enda eru þeir afboðaðir ef engin mál liggja fyrir. Nefndin kemur auk þess að inntökuprófum umsækjenda sem óska eftir undanþágu frá stúdentsprófi, og að afgreiðslu umsókna um mat á fyrra námi.

Fundir framhaldsnámsnefndar á árinu voru tveir. Umsóknir um meistaranám voru afgreiddar með tölvupóstssamskiptum, og á sama hátt var unnið að endurskoðun reglna um framhaldsnám, sem og að undirbúningi að gerð leiðbeiningarsamninga.

Auk þess að sinna gæðastjórnun eins og kveðið er á um í starfsreglum, kom kennslusvið að gæða- og úrbótaverkefnum í samræmi við óskir framkvæmdaráðs. Meðal annars að námskeiðahaldi í kennslufræðum fyrir starfandi kennara við skólann, í maí og ágúst.



Doktorsvörn Nicolas Larranaga.

Rannsóknasvið

Starfsemi

